

Hr. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs.  
Geislagötu 9  
600 Akureyri.

**Efni: Alþingiskosningar 2021.**

Þann 25. september sl. fóru fram Alþingiskosningar á Akureyri, sem og annarsstaðar á landinu. Á Akureyri var kosið í Verkmenntaskólanum, í Hrísey var kosið í grunnskólanum og í Grímsey var kosið í félagsheimilinu Múla. Kjörfundur hófst á öllum stöðum klukkan 9:00 og lauk klukkan 22:00 á Akureyri, í Hrísey lauk kjörfundi klukkan 18:00 en í Grímsey lauk honum klukkan 11.00.

Á kjörskrá voru 14370, en á kjörstað á kjördag kusu 8.199, Utan kjörfundar greiddu atkvæði 3.201, þannig að samtals greiddu atkvæði 11.400. Kosningaþátttaka var því 79,33% sem er aðeins minni en í Alþingiskosningum 2017. En þá var kjörsókn 81,58%

Sem endranær er ástæða til að hrósa öllu starfsfólki á kjörstað sérstaklega fyrir þeirra framlag til kosninganna, en að venju var fúmlaus framkoma þeirra og ósérhlífni við undirbúning kosningu, lykill að velheppnaðri framkvæmd kosninganna þann 25. september sl.

F.h. kjörstjórnarinnar á Akureyri,

Helga G. Eymundsdóttir

